

Erindi til Umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings.

Árið 2021 voru 120 ár síðan sjúkrahúsið á Seyðisfirði hóf starfsemi sína. Í ár eru liðin 30 ár síðan Sjúkradeild var tekin í notkun í nýju húsnæði. Fékk hún síðar nafnið Fossahlíð og er nú rekin sem eitt af fimm hjúkrunarheimilum Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Hollvinasamtök Hjúkrunarheimilisins Fossahlíðar á Seyðisfirði hafa áhuga á að gefa heimilinu veglega gjöf í tilefni af afmælunum.

Komið hefur fram hugmynd um að gera garð á lóð fyrir ofan heimilið þar sem íbúar Fossahlíðar gætu notið útiveru og farið ferða sinna með göngugrindur og í hjólastólum. Þar þyrftu því að vera steyptir göngustígar eða malbikaðir.

Hugmyndin er að aðrir bæjarbúar myndu einnig nýta þetta svæði og íbúar Fossahlíðar þannig verið í samskiptum við aðra og yrðu jafnframt sýnilegir.

Ætlunin er að afmarka garðinn með lágu hekki og að opið yrði inn á svæðið frá tveimur til þremur áttum, þar af einni við lokaða garðinn sem er utan við Fossahlíð.

Einnig gæti verið skemmtilegt að hafa þarna lítið gróðurhús og jafnvel hæsnakofa sem íbúar og starfsfólk Fossahlíðar myndi sinna.

Áætlað er að stofna vinnuhóp sem myndi gera grófa teikningu að garðinum og síðan yrði fenginn landslagsarkitekt til að hanna hann. Í vinnuhópnum yrðu fulltrúi starfsfólks Fossahlíðar, fulltrúi íbúa Fossahlíðar, fulltrúi Foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla, fulltrúi Félags eldri borgara á Seyðisfirði og fulltrúi Hollvinasamtakanna.

Hollvinasamtökin munu veita fé í hönnun garðsins auk vinnu við gangstíga og gróður. Einnig bekkir og þess háttar.

Óskað er eftir því við Múlaþing

að fá til afnota lóðina sem um ræðir fyrir þennan garð,

að fá niðurfelld lóðagjöld

að fá jarðvegsvinnu sem til þarf.

Með bestu kveðju.

Kristín G. Sigurðardóttir deildarstjóri Fossahlíðar

Ragnhildur Billa Árnadóttir stjórnarmaður Hollvinasamtakanna.